

Skýrsla stjórnar U3A Reykjavík fyrir starfsárið 2014 – 2015

Lögð fram á aðalfundi samtakanna 17. mars 2015

Stjórn og stjórnarstarf

Stjórn

Stjórn U3A Reykjavík starfsárið mars 2014 til og með mars 2015 skipuðu Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, formaður, Ádís Skúladóttir, varaformaður, Jón Björnsson, ritari, Erna Steinsdóttir, gjaldkeri og Hans Kristján Guðmundsson, meðstjórnandi. Varamenn voru Ása Björk Snorradóttir og Helga Margrét Guðmundsdóttir. Starf stjórnar er skilgreint í 8. gr. í samþykkt samtakanna og vinnur stjórnin í samræmi við það. Starfið er unnið í sjálboðavinnu.

Stjórnarfundir

Stjórnin hélt átta fundi á starfsárinu frá aðalfundi 25. mars 2014 fram til aðalfundar 17. mars 2015.. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórn með sér verkum, sjá ofan. Formaður er ávallt kosinn sérstaklega til eins árs í senn á aðalfundi. Umræðuefni á stjórnarfundum vörðuðu almennt framgang og starfsemi samtakanna og hvernig megi efla þau sem og annað sem samtökin koma að eins og alþjóðlega samstarfsverkefni BALL, **Be Active through Lifelong Learning**.

Einn af stjórnarfundum, sem haldinn var í byrjun árs 2015, var hugarflugsfundur þar sem sérstaða U3A Reykjavík rædd, hver samtökin væru, farið yfir styrkleika, veikleika og tækifæri samtakanna. Stjórnin hittist einnig vorið 2014 á hugarflugsfundum og ræddi starfsemi samtakanna á hausti komanda og áhugaverða viðburði og hvernig mætti ná í fleiri til starfa þar sem starfsemin hvíldi að mestu á stjórninni.

Milli stjórnarfundum sá formaður um upplýsingagjöf til félagsmanna og annarra og fer hún eingöngu fram rafrænt.

Samskipti

Forsætisnefnd Reykjavíkurborgar bauð U3A Reykjavík sæti í fyrirhuguðu Öldrunarráði Reykjavíkur. Stjórnin fagnaði þessari viðleitni borgaryfirvalda til að auka samráð við eldra fólk og efla áhrif þess í stjórnun borgarinnar en taldi rétt að þiggja ekki boðið. Ástæða þess er m.a. sú að U3A Reykjavík starfar á öðrum grundvelli en drög að samþykkt að Öldunga-

ráðinu gerðu ráð fyrir, það er að fræðslu þriðja æviskeiðsins, en taldi sér það bæði ljúft og skylt að vera í samstarfi við ráðið á þeim sviðum þar sem samtökin starfa.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Feb, bauð stjórn U3A Reykjavík til fundar í febrúar til þess að ræða hugsanlega samvinnu milli þeirra. Formaður U3A Reykjavík og þrír stjórnarmenn mættu á fundinn en hann sátu formaður og framkvæmdastjóri Feb fyrir hönd félagsins. Á fundinum fóru fram gagnlegar viðræður um snertifleti Feb og samtakanna og hugsanlegt samstarf um þá sem og ýmislegt fleira. Framhaldsfundur hefur ekki verið ákveðinn.

Góður gestur, Tom Holloway, kom í heimsókn til Íslands vorið 2014 og dvaldi á landinu í vikutíma og átti stjórnin kvöldstund með honum. Tom, sem er stjórnarmaður í World U3A, stofnaði og hefur haft umsjón með vefsíðu U3A Reykjavík frá upphafi fram til júlí 2015. Aðalerindi heimsóknar hans var að kenna eftirmanni sínum umsjón síðunnar.

Vefsíða U3A Reykjavík

Ný vefsíða fyrir samtökin var hönnuð og smíðuð af formanni U3A Reykjavík, Ingibjörgu R. Guðlaugsdóttur, 3. júlí 2015 og tók hún þá við sem vefstjóri hennar. Veffang síðunnar er u3a.is og er þar meðal annars birtur viðburðalisti hvernar annar, fréttir af starfsemi samtakanna og margt fleira sem lýtur að samtökunum. Netfang U3A Reykjavík, u3areykjavik@u3a.is, er birt á síðunni og er þar hægt að skrá sig í samtökin eða á netfangalista þeirra sem margir nýta sér.

Kynningar

Formaður og stjórnarmenn kynntu U3A Reykjavík sex sinnum á starfsárinu. Í september voru samtökin kynnt á ráðstefnu sem var upphafið að vinnu við alþjóðlega samstarfsverkefnið BALL, **Be Active through Lifelong Learning**. Samtökin voru kynnt fyrir íbúum sem búa í þjónustuíbúðum í Mörkinni við Sogaveg í september, í október á námskeiði SFR, Stéttarfélags í almannathjónustu og STRV, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og í lok nóvember og byrjun desember á tveimur námskeiðum sem Landspítali Háskólasjúkrahús, LSH, hélt fyrir starfsmenn sína 65 ára og eldri. Í febrúar 2015 voru þau kynnt í fyrsta skipti utan Reykjavíkur og þá fyrir Félagi eldri borgara á Akureyri.

Aðild að alþjóðleg samtökum

U3A Reykjavík gerðist aðili að alþjóðlegum samtökum U3A, International Association of Universities of the Third Age, **IAUTA**, frá og með árinu 2015. Meginmarkmið samtakanna er að mynda alþjóðlegan ramma um ævinám og rannsóknir þar sem þeir sem eldri koma að. Samtökin voru stofnuð 1975 og hafa aðsetur í Toulouse í Frakklandi.

U3A Reykjavík hefur einnig átt samvinnu við **World U3A** gegnum Tom Holloway, stjórnarmann, World U3A er alþjóðlegt net U3A, sem var stofnað 1997, sem starfar eingöngu á internetinu og fara öll samskipti fram í gegnum það. World U3A gefur út mánaðarlegt rafrænt tímarit, Signpost.

Merki U3A Reykjavíkur

U3A Reykjavík fékk einkennismerki í lok starfsársins. Var það orðið nauðsynlegt m.a. vegna alþjóðlegra samvinnu sem samtökin eiga aðild að.

Félagar

Í mars 2015 voru félagar 165 talsins og fjölgaði um 47 á starfsárinu. Meðalaldur þeirra er 68 ár sem er hinn sami og fyrir ári síðan. Félagsmenn 70 ára og yngri eru 71% félagsmanna sem er sama hlutfall og fyrir ári síðan og 65 ára og yngri eru 23% félagsmanna sem er ívið lægra en fyrir ári síðan. Konur eru 82% félagsmanna og hefur fjölgað hlutfallslega um 3%. Auk félaga eru 250 manns á netfangalista samtakanna sem telur þá alls 415 manns, 222 fleiri en í upphafi starfsársins.

Almennur félagsfundur var haldinn 30. september 2014 þar sem starfsemi næstu mánaða var kynnt. Fundurinn var vel sóttur og í lok hans skrifuðu margir fundargestir hugmyndir sínar á miða um hvað mætti taka fyrir. Hugmyndirnar voru af margvíslegum toga eins og endurvinnsla, þáttagerð, norrænar bókmenntir, tungumálakennsla, stefnur og straumar í matargerð, leiklist og tónlist.

Fjármál

Fjárhagsár er almanaksárið. Samkvæmt efnahagsreikningi þann 7. mars 2015 eru eignir U3A Reykjavík kr. 334.629, þar af voru fluttar kr. 110.267 frá fyrra ári. Tekjur samtakanna á fjárhagsárinu voru samtals kr. 652.097. Stærsti hluti tekna kom frá félagsgjöldum, kr. 156.000 og aðgangseyri inn á viðburði og námskeið, kr. 332.600. Árgjald fyrir aðild að U3A Reykjavík er kr. 1.500.

Útgjöld U3A Reykjavík á tímabilinu 7. mars 2014 til 7. mars 2015 voru samtals kr. 427.735. Stærsti liðurinn í útgjöldum var vegna viðburða, kr. 179.293, ferðar til Grindavíkur, kr. 110.000, umsýslu, kr. 38.360 og hýsingar á léni samtakanna, kr. 31.500. Sérstakt blað með skýringum á tekjum og útgjöldum fylgja ársreikningi. Skoðunarmenn reikninga voru Lilja Ólafsdóttir og Haraldur Finnsson.

Starfsemi 2014 - 2015

Hér á eftir er fjallað stuttlega um starfsemi U3A Reykjavík á starfsárinu en vísað til vefsíðu samtakanna, u3a.is, til þess að fá nánari upplýsingar. Á síðunni má sjá viðburðalista hvernig annar undir VIÐBURÐIR og fréttir af þeim undir FRÉTTIR. Formaður sér um að senda tilkynningar um viðburði og annað á netfangalista samtakanna. Sá háttur hefur verið tekinn upp að senda út viðburðadagatal á netfangalista í upphafi annar og minna svo á viðburð tveimur dögum fyrr.

Starfsemi U3A Reykjavík er í samræmi við samþykkt samtakanna um hvernig tilgangi þeirra skuli náð, það er að bjóða upp á fjölbreytilegt framboð af fræðslu án þess að um formlegt nám sé að ræða. Á starfsárinu var boðið upp á fyrirlestra undir formerkjunum Merkir Íslendingar, Orðið er laust og Átthagafræði Reykjavíkur, námskeið um Baska og Baskaland og skipulagðar heimsóknir til stofnana og fyrirtækja.

Merkir Íslendingar sem var fjallað um voru Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ritstjóri, Þorbjörg Sveinsdóttir, ljósmóðir, Sveinbjörn Egilsson rektor og Benedikt Gröndal, skáld og

náttúrufræðingur. Fjallað var um hvert viðfangsefni í tveimur fyrirlestrum og lauk með gönguferð á laugardegi um slóðir þar sem viðkomandi einstaklingar höfðu búið og starfað.

Orðið er laust er þáttaröð þar sem félögum samtakanna og öðrum er boðið að fjalla um hugðarefni sín. Fjölmargir hafa stigið þar á stökk og viðfangsefnin margvísleg eins og t.d. um örnefni og kennileiti, mannleg gildi, íslenska torfbæinn og seli í þjóðtrú norðurþjóða. Félagsmönnum og öðrum á netfangalista U3A Reykjavík var síðla árs 2014 boðið að senda hugmyndir um fyrirlestra og brugðust margir við og fluttu á vorönninni.

Þáttaröðin **Áthagafræði Reykjavíkur** hófst á vorönn 2015 og var fyrst fjallað um þróun og sögu Reykjavíkur en síðan verða tekin fyrir einstök hverfi innan borgarinnar og byrjað á Hlíðahverfinu.

Námskeiðið Baskar og Baskaland, var haldið í samvinnu U3A Reykjavík og Vináttufélags Baska og Íslendinga. Námskeiðið hófst á vorönn 2014 var fram haldið haustið 2014 og vorið 2015. Voru þá fluttir fyrirlestrar um viðfangsefnið og farið í ferð suður með sjó til Grindavíkur þar sem Saltfisksetrið var heimsótt og útgerðarfyrirtækið Þorbjörn. Einnig var komið við á Selatöngum. Í framhaldi af námskeiðinu verður farið til Baskalands haustið 2015.

Heimsóknir til stofnana og fyrirtækja voru meðal annars til Hæstaréttar, RUV, Íslenskrar erfðagreiningar og Kvikmyndasafnsins.

Önnur leið til þess að ná tilgangi samtakanna er að stofna hópa um viðfangsefni sem meðlimir samtakanna velja sjálfir. Fimm U3A hópar hafa starfað í Félagsmiðstöðinni, Hæðargarði 31 frá stofnun U3A Reykjavík, hópur um **bókmenntir, kvikmyndir, hláturjoga, framsögu og leikfimi/Thaichi**. Á starfsárinu urðu til tveir nýir hópar, hópur um **lífssögur** og um **örnefni á Reykjavíkursvæðinu**.

Markmiðum U3A Reykjavík má einnig ná með því að efla kynni við önnur samtök og aðila innan og utan U3A hreyfingarinnar hvar sem er í heiminum. Stjórnarmenn eru í tengslum við U3A víðsvegar í heiminum, m.a. í Englandi, Svíþjóð og Frakklandi auk samstarfsaðila okkar í BALL verkefninu í Póllandi og á Spáni. Von er á hópi frá Senioruniversitetet U3A í Uppsölum í heimsókn til U3A Reykjavík í byrjun maí 2015 og fer Margrét Örnólfsdóttir, félagsmaður í U3A Reykjavík, fyrir litlum hópi um undirbúning hennar.

Aðsetur fyrir starfsemi U3A Reykjavík er í Félagsmiðstöðinni, Hæðargarði 31. Engin starfsemi er hjá samtökunum frá og með maí og fram í september.

Alþjóðlegt samstarfsverkefni, BALL

U3A Reykjavík er í samstarfi við U3A í Alicante (Universidad Permanente) og U3A í Lublin að alþjóðlega verkefninu BALL, Be Active through Lifelong Learning, sem íslenska fyrirtækið Evris stýrir og styrkt er af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið, sem er til tveggja ára, er um undirbúning þriðja æviskeiðsins og að hann hefjist mörgum árum áður en látið er af störfum. Bakhjarlar verkefnisins hér á landi eru Reykjavíkurborg, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Bandalag háskólamanna (BHM), Landsvirkjun og starfsmannasvið Háskóla Íslands

U3A Reykjavík er frumkvöðull að verkefninu og á Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, formaður upphaflega hugmyndina. Ingibjörg og Hans Kr. Guðmundsson, unnu að umsókn um styrkinn og hafa jafnframt verið í forsvari fyrir verkefnið fyrir hönd U3A Reykjavík. Ráðgjafarfyrirtækið Evris kom að umsóknarvinnunni með U3A Reykjavík og var falin verkefnisstjórn. Hans situr í stýrihóp verkefnisins. Sérstakur sérfræðingahópur var stofnaður til þess að vinna að hinum ýmsu verkþáttum. Í honum sitja, auk Ingibjargar og Hans, Ásdís Skúladóttir, Jón Björnsson, stjórnarmenn í U3A Reykjavík og Sigurveig H. Sigurðardóttir, deildarforseti hjá Háskóla Íslands.

U3A Reykjavík bar ábyrgð á fyrsta verkþætti BALL sem var kortlagning í samstarfslöndunum á því hvað hefði verið gert til þess að undirbúa fólk undir eftirlaunaárin og síðan unninn samanburður á stöðunni. Fjórar skýrslur voru gefnar út í febrúar 2015, þrjár landsskýrslur og samanburðarskýrsla. Þær má nálgast á vefsíðu BALL, <http://www.ball-project.eu/> Næsti verkþáttur er spurningakönnun þar sem stefnt er að því að um 1.000 manns taki þátt í hverju samstarfslandanna fyrir sig, 500 einstaklingar á vinnumarkaði og 500 á eftirlaunum. Síðasti verkþátturinn verður að búa til leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að undirbúningi undir eftirlaunaárin og prófun á þeim áður en þær verða gefnar út.

Af rúmum 30 milljónum sem verkefnið hlaut í styrk fara um 6,8 milljónir til U3A Reykjavík sem er notað til þess að greiða fyrir vinnu verktaka, umsýslu og ferðakostnað við fundi erlendis. Verkefninu BALL lýkur 31. ágúst 2016.

Bókhaldi og fjármálum BALL verkefnisins er haldið aðskildu frá almennrar starfsemi U3A Reykjavík. Erna Steinsdóttir, gjaldkeri U3A sér um utanumhald þeirra fjármála verkefnisins sem snerta U3A Reykjavík, en Evris sér um og ber ábyrgð á heildarbókhaldi þess

Starfið framundan

U3A Reykjavík er nú þriggja ára. Starfið hefur smám saman verið að mótast eins og að viðburðir, fyrirlestrar og námskeið séu á sama vikudegi. Viðburðum hefur einnig smám saman fjölgað. Starfið hefur að mestu hvílt á stjórn samtakanna og er það unnið í sjálfboðavinnu. Það er því ljóst að eftir því sem samtökin eflast og starfsemi verður meiri og fjölbreyttari að nauðsynlegt er að virkja fleiri félaga og aðra í starfið. Niðurstöður hugarflugs stjórnar í lok janúar á þessu ári er gott vegarnesti fyrir nýjan formann og stjórn, sem mun taka við á aðalfundi 17. mars 2015, til þess að skapa og móta starfsemina næstu árin. Það er því þeirra að setja fram hugmyndir sínar um hvernig þau sjá það gerast.

Lokaorð

Stjórn U3A Reykjavík vill að lokum þakka framlag félaga og annarra sem gefið hafa vinnu sína í þágu samtakanna með sérstöku þakklæti til aðstandenda félagsheimilisins að Hæðargarði 31 fyrir aðstöðu og annað sem þar er veitt án endurgjalds og því hlýja viðmóti sem stjórn og félagar U3A Reykjavík hafa mætt þar síðan samtökin voru stofnuð.

F.h. stjórnar U3A Reykjavík

Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, formaður U3A Reykjavík